


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ENS 303 Námsáætlun - Haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Erna Hildur Gunnarsdóttir Jónas Jónsson Karen Malmquist	Sk.st.	EHG JÓJ KMQ
----------------	---	---------------	-------------------

Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemandinn verði vel læs á flóknari texta en í undanförum og geti tjáð hugsun sína skýrt og rökstutt hana í ræðu og riti. Áhersla er lögð á lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Nemandinn vinnur sjálfstætt að viðameiri ritunarverkefnum svo sem rökfærsluritgerð eftir hefðbundinni uppsetningu og kynningum á þematengdu efni sem fela í sér öflun upplýsinga á bókasafni og af neti. Lestur og túlkun bókmenntaverka.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu menningarsvæðum þar sem enska er notuð sem móðurmál eða fyrsta mál
- orðaforða til markvissrar notkunar í námi
- túlkun bókmenntaverka
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyrdingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
- dýpri merkingu texta

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa margs konar texta, bæði fræðilega og bókmenntalega, sér til gagns og ánægju
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- tjá sig skýrt, munnlega og skriflega, um málefni sem hann hefur kynnt sér
- rita rökfærsluritgerð samkvæmt hefðbundnum aðferðum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara gagnrýni á viðeigandi hátt
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óundirbúnum spurningum og athugasemdum
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt fyrir áheyrendum
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyrdingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlagi

Námsgögn:

English for Culture and Language - ENS 303 ; Fjölritað hefti, fæst á skrifstofu.
Annað ítarefni frá kennara og / eða á Moodle.

Valbækur:

Ray Bradbury, *Fahrenheit 451* (allar óstytta útgáfur)
Harper Lee, *To Kill a Mockingbird*, (allar óstytta útgáfur)

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ENS 303 Námsáætlun - Haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

Vika	Almennt	Verkefni
Lota 1 34-35	Kynning áfanga og kennsluáætlunar. Unnið með texta í <i>English for Culture ...</i>	Ýmis verkefni unnin heima og í tímum í tengslum við textana sem lesnir eru.
Lota 2 36-39	Ritun: Undirbúningur ritgerðar. Farið yfir þann hluta heftis sem fjallar um samningu efnisgreina og ritgerða. Fjallað um heimildaskráningu.	Nemendur skila beinagrind að ritgerð (2,5%) og síðan grófu uppkasti með tékklista (2,5%). Að lokum skila þeir fullunninni ritgerð sem byggð er á efnisyrdingu (thesis) og sett upp á hefðbundinn máta (15%).
Lota 3 40-44	Skáldverk – skáldsaga: Lesin skáldsaga og unnið með hana, einstaklingsbundið og í hópum. Leshringir og hópavinna með hvorri bók um sig.	Munnlegt próf (8%), framsaga (12%), stuttar spurningar (4%) auk skriflegs verkefnis (6%) í lok lotunnar.
Lota 4 45-49	Textar og orðmyndun: Unnið með texta og orðmyndun í textahefti. Skáldverk – smásaga: Smásagan “Bloodflowers” lesin og tímaverkefni unnið úr henni.	Ýmis verkefni unnin heima, í tímum eða á Moodle. Verkefni úr “Bloodflowers” (5%)

Námsmat og vægi námsþátta:

Skáldverk	Skáldsaga: Munnlegt próf (8%), skriflegt verkefni (6%), framsöguverkefni (hópverkefni) (12%), stutt próf (4%).	30%
	Smásaga: Verkefni	5%
Ritun	Ritgerð byggð á efnisyrdingu (15%). Skil á beinagrind 2,5% , skil á uppkasti 2,5% .	20%
Annað	Ýmis verkefni (orðaforði / ritun) unnin heima og í tímum	5%
Skriflegt	Lokapróf úr textum og orðmyndun	40%
Samtals:		100%

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn (1) fyrir hvern virkan dag sem líður. Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð).

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna, fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Dagsetning: 18.08.2015

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils